

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 11. ágúst 2021
UST202104-275/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi nr 4 (400.04.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði

Umhverfisstofnun barst þann 21. apríl sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði. Geymirinn er nr. T2021, / nr. 4 (400.04.00) í birgðastöðinni á Ísafirði. Geymirinn er 1.030 rúmmetrar að stærð, frá árinu 1997 og er staðsettur í mengunarvarnarpó fólagsins við Mávagarð.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf. þann 28. mars 2021. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé í mjög góðu ásigkomulagi að innanverðu. Gólf og neðsta umfar er ómálað. Settar voru tvær tvöföldunarölötur og soðið var í tæringar pytt þar sem um 3mm voru eftir af efnisþykkt plötunar.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um prófanir á geyminum.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri